



Skóla- og frístundaráð

### ***Hatursorðræða og aukið aðkast sem hinsegin ungmenni verða fyrir***

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 10. nóvember fór fram umræða um hatursorðræðu og aukið aðkast sem hinsegin ungmenni verða fyrir, sbr. 8. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lýsir yfir áhyggjum af hatursorðræðu og auknu aðkasti sem hinsegin ungmenni verða fyrir. Ráðið telur brýnt að Reykjavíkurborg vinni kerfisbundið gegn þessu vandamáli og styðji vel við og tryggi fjármögnun allra þeirra verkefna sem í gangi eru innan borgarinnar, til dæmis Regnbogavottun, Hinsegin félagsmiðstöðina og frístundastarf fyrir hinsegin börn 10-12 ára. Ályktun þessi skal send skóla- og frístundaráði, velferðarráði og borgarráði.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þessi aukning á hatursorðræðu og fordómum í garð hinsegin ungmenna er hræðileg eins og allt ofbeldi. Hatursorðræða er ofbeldi sama hverjum það beinist að. Hver sem verður fyrir fordómum eða ofbeldi verður að finna að það sé tekið mark á honum/henni og að viðkomandi fái stuðning frá nærsamfélaginu. Sennilega er þessi aukning hluti af þeim vanda sem er að birtast okkur í öðrum ofbeldismálum og hugsanlega tengd vanlíðan ungs fólks sem fram hefur komið í ýmsum skýrslum. Þessir fordómar og hatursorðræða virðist fyrst og fremst birtast á samfélagsmiðlum. Eitt af meginmarkmiðum ætti því að vera að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu til að vara og vernda börn og ungmenni. Gerendur í þessum málum gera sér sennilega ekki grein fyrir því hvað gerðir þeirra hafa alvarlegar afleiðingar og þá ekki bara fyrir þolendur heldur líka fyrir gerendur. Þess vegna er mikilvægt að styðja alla aðila í slíkum málum og hefjast handa við að fræða börn og ungmenni um hvað svona hegðun er meiðandi og skaðleg. Flokkur fólksins vonar og trúir því að allir flokkar í borgarstjórn taki þessa þróun alvarlega og bregðist við eins fljótt og auðið er.

Bókun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er hér með send skóla- og frístundaráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,  
Elísabet Pétursdóttir  
Miðlæg stjórnsýsla  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa